

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 23. október 2010.

Tímasetning fundar: kl. 16:00 - 17:46

Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, 105 Reykjavík

Stjórnarkonur Gígjunnar:

Aðalheiður Gunnarsdóttir	formaður	mætt
Jófríður Guðmundsdóttir	varaformaður	mætt
Steiney Halldórsdóttir	ritari	mætt
Anna Inga Grímsdóttir	gjaldkeri	mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir	meðstjórnandi	mætt
Sigrún Óskarsdóttir	varamaður	fjarverandi
Anna Lilja Stefánsdóttir	varamaður	fjarverandi
Dagbjört Sigurbergisdóttir	varamaður	mætt
Margrét Bóasdóttir	verndari Gígjunnar	fjarverandi

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Freyjukórinn í Borgarfirði (Anna B. Garðarsdóttir)

Heklnar (Björk Jónsdóttir, Guðrún Leósdóttir og Kristín Ingvarsdóttir)

Jórukórinn Selfossi (Kolbrún Káradóttir og Petra Sigurðardóttir)

Kvennakór Garðabæjar (Helga Melsteð og Sigurborg Sigurðardóttir)

Kvennakór Hafnarfjarðar (Arnfríður Arnardóttir, Ragnheiður Helgadóttir, Bjarney

Guðmundsdóttir og Steiney Halldórsdóttir)

Kvennakór Kópavogs (Sigríður Jónsdóttir, Dröfn Eyjólfsdóttir og Jófríður

Guðmundsdóttir)

Kvennakór Reykjavíkur (Hafdís Hannesdóttir, Margrét Hreinsdóttir, Ragna Karlsdóttir,

Edda Sigurðardóttir, Hrönn Hjaltadóttir og Anna Laxdal)

Kvennakór Suðurnesja (Hildur Harðardóttir, Helga Jakobsdóttir og Aðalheiður

Gunnarsdóttir)

Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur (Erna Hanna Guðjónsdóttir, Guðrún Narfadóttir,

Margrét Þorvaldsdóttir, Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, Hildur Pétursdóttir, Þóra Minerva

Hreiðarsdóttir, Unnur Melsted, Sigríður Friðriksdóttir og Anna Inga Grímsdóttir)

Kvennakórinn Seljur (Sæunn Marta Sigurgeirsdóttir og Kristrún Ingaló Magnúsdóttir)

Kvennakórinn Ymur (Jónína Björg Magnúsdóttir)

Kyrjurnar (Inga J. Arnardóttir, Þórdís Pétursdóttir og Dagbjört Sigurbergisdóttir)

Uppsveitarsystur (Elín Jóna Traustadóttir)

Vox Feminae (Þorgerður Valdimarsdóttir og Heiða Gunnarsdóttir)

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Aðalheiður Gunnarsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Dagbjört Sigurbergisdóttir yrði kosinn fundarstjóri og Steiney Halldórsdóttir fundarritari og var það samþykkt með lófataki. Að loknum aðalfundi var kvennakórskona heiðruð, Ingibjörg Pétursdóttir flutti erindið “Það er gaman að syngja saman” og kynning var á landsmóti kvennakóra á Selfossi.

1. Skýrsla stjórnar.

Aðalheiður Gunnarsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar, sem var eftirfarandi:

Aðalfundur 2009

Á aðalfund Gígjunnar sem haldinn var 17. október 2009 mættu 25 konur frá 9 kórum. Á fundinum gengu þrjár konur úr aðalstjórn sambandsins, þær Dagbjört Sigurbergsdóttir, Þuríður Pétursdóttir og Þorgerður Valdimarsdóttir.

Núverandi stjórn er þannig skipuð:

Aðalstjórn:

Formaður: Aðalheiður Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja

Varaformaður og vefstjóri: Jófríður Guðmundsdóttir, Kvennakór Kópavogs

Gjaldkeri: Anna Inga Grímsdóttir, Léttisveit Reykjavíkur

Ritari: Steiney Halldórsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar

Meðstjórnandi: Anna Laxdal Þórólfsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur

Varastjórn:

Anna Lilja Stefánsdóttir, Kvennakór Akureyrar

Dagbjört Sigurbergsdóttir, Kyrjunum

Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar

Skoðunarmenn reikninga eru Inga J. Arnardóttir og Margrét Hreinsdóttir. Margrét Bóasdóttir er verndari samtakanna en það hefur í gegnum tíðina oft komið sér vel að geta leitað til hennar, hún er hafsjór af fróðleik um ýmis málefni sem varða kórastarfsemi og þekkir víða til.

Í umræðum á fundinum kom fram tillaga um að Gígjan stæði fyrir málþingi kórstjóra kvennakóra. Stjórnin ákvað að athuga með áhuga kórstjóra fyrir þessu og voru viðtökurnar nokkuð góðar. Því var ákveðið að halda slíkt málþing í tengslum við aðalfundinn nú og fór það fram hér fyrir í dag.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum voru flutt tvö erindi um félagsstarf og störf nefnda í kvennakórum, annað flutti Guðbjörg Gylfadóttir frá Kvennakór Reykjavíkur og fjallaði hún um starf ferðanefndar og skipulagningu kórferða erlendis. Hitt erindið fluttu Hildur Harðardóttir og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir frá Kvennakór Suðurnesja og fjölluðu þær um félagsstarf og nefndir í minni kórum.

Fundargerð frá aðalfundinum er á vefsetri Gígjunnar, gígjan.is, undir liðnum „Stjórn“ og í henni má lesa bæði erindin. Ég vek athygli á að í fundargerðum frá fyrri árum er að finna erindi og punkta frá fræðslufundum sem haldnir hafa verið á vegum Gígjunnar, t.d. um hlutverk stjórna í kórum, útgáfu geisladiska, stefnumótun í kynningarmálum o.fl. sem getur reynst gagnlegt fyrir stjórnir kóra.

Starf stjórnar síðastliðið ár

Á þessu starfsári hefur stjórnin haldið fimm stjórnarfundum og má finna fundargerðir frá þeim á vefsetrinu.

Aðildarkórar

Tveir nýir kórar gengu formlega í Gígjuna á árinu, Salka kvennakór á Dalvík og Kvennakór við Háskóla Íslands og bjóðum við þá velkomna í sambandið. Einn kór sagði sig úr sambandinu þar sem starfsemi hans hefur minnkað töluvert, en það er Kvennakórinn Glæðurnar. Aðildarkórar Gígjunnar eru nú 27 talsins og veit stjórnin aðeins um einn kvennakór sem stendur utan sambandsins en það er Flugfreyjukórinn. Stjórnin hefur haft samband við kórinn en þær hafa ekki sótt um aðild. Kvennakór Siglufjarðar reyndi að hefja starfsemi að nýju en ekki fengust nógu margar konur til að það tækist. Þær binda vonir við að fá til liðs við sig konur frá Ólafsfirði nú þegar Héðinsfjarðargöng verða opnuð og ef þeim tekst að koma starfseminni í gang á ný hafa þær áhuga á að gerast félagar í Gígjunni. Einnig höfum við fengið fregnir af því að til standi að stofna kvennakór á Blönduósi og munum við að sjálfsögðu fylgjast með því.

Nokkrir kvennakórar áttu stórafmæli á þessu og síðasta ári; árið 2009 varð Kvennakórinn Ljósbrá 20 ára og Kvennakórinn Norðurljós varð 10 ára. Á árinu 2010 varð Freyjukórinn 20 ára, Kvennakór Hafnarfjarðar, Kvennakórinn Ymur og Léttisveit Reykjavíkur urðu 15 ára og Kvennakór Garðabæjar varð 10 ára. Stjórn Gígjunnar óskar kórnum öllum til hamingju með þessa merku áfanga. Síðustu 20 árin hefur verið mikil gróska í starfsemi kvennakóra og hafa allir kórar sambandsins utan tveggja verið stofnaðir á þessum tíma, en auk Kvennakórsins Ljósbrár er aðeins einn kvennakór sem enn er starfandi sem er eldri en 20 ára, en það er Kvennakór Suðurnesja sem var stofnaður árið 1968 og er því á sínu 43. starfsári.

Það hefur ýmislegt verið í gangi hjá aðildarkórnum síðasta árið. Í nóvember á síðasta ári gaf Kvennakórinn Ljósbrá út geisladiskinn Flóðaljód í tilefni af 20 ára afmæli kórsins. Á kvenréttindadaginn, 19. júní 2010, gaf Vox Feminae út ljósmyndabókina da capo. Í bókinni eru portrettmyndir af kórkönnum sem teknar voru á 15 ára afmæli kórsins árið 2008, en auk myndanna hefur bókin að geyma sögu Vox Feminae í máli og myndum, erindi um sögu kvennasöngs á Íslandi og ýmislegt fleira fróðlegt. Nú í október fór Léttisveit Reykjavíkur í söngferð til Krakár í Póllandi þar sem kórinn hélt tónleika ásamt þarlandum karlakór. Margir kórar hafa einnig ferðast innanlands og sumir heimsótt aðra kóra og haldið með þeim tónleika. Nokkrir kórar hafa haldið eða tekið þátt í styrktartónleikum og stutt þannig við starf Mæðrastyrksnefnda og fleiri góðgerðarféлага. Tónleikar sem Gígjan hefur fengið fregnir af frá aðildarkórnum á starfsárinu voru alls 54 talsins.

Nordic-Baltic kóramótið

Sjötta Nordic-Baltic kóramótið var haldið í Reykjavík 17. – 22. ágúst sl. 67 kórar sem töldu um 1800 manns tóku þátt í mótinu, þar af voru 7 íslenskir kvennakórar. Þeir voru Kvennakór Garðabæjar, Kvennakór við Háskóla Íslands, Kvennakór Reykjavíkur, Kvennakór Öldutúns, Kvennakórinn Ymur, Kyrjurnar og Kyrjukórinn í Þorlákshöfn. Þetta er langstærsta kóramót sem haldið hefur verið hér á landi og sungu kórarnir á fjölmörgum tónleikum og uppákomum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Mótinu lauk með stórtónleikum á Menningarnótt þar sem 1800 manna kór söng í Laugardalshöll.

Landsmót íslenskra kvennakóra á Selfossi

Landsmót íslenskra kvennakóra verður haldið á Selfossi 29. apríl – 1. maí 2011 og er það Jórúkórinn sem sér um framkvæmd mótsins að þessu sinni. Stjórn Gíggunnar fundaði með undirbúningsnefnd mótsins fyrir stuttu og hefur nefndin og kórkönur unnið mikið og gott starf við undirbúning landsmótsins. Nefndarkönur verða með kynningu á landsmóttinu að loknum hefðbundum aðalfundarstörfum hér á eftir.

Tónverkasjóður

Tónverkasjóður Gíggunnar var stofnaður árið 2008 með það að markmiði að efla og styrkja íslenska kvennakóra. Til að ná þessu markmiði er gert ráð fyrir að Tónverkasjóður Gíggunnar fái tónskáld til að semja verk fyrir kvennakóra landsins og efla þannig fjölbreytni og úrval tónlistar sem kvennakórar eiga kost á að flytja. Áður hafa kórarnir fengið í hendur tvö verk sem samin hafa verið fyrir Tónverkasjóðinn, jólagið „Ég heyrði þau nálgast“ sem Jón Ásgeirsson samdi árið 2008 og „Stökur“ sem Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi árið 2009. Síðasta vetur hafði stjórn Gíggunnar samband við Elínu Gunnlaugsdóttur og bað hana að semja jólagag fyrir Tónverkasjóðinn. Beðið var um 3ja eða 4ra radda lag með píanóundirleik sem hentaði bæði litlum og stórum kórum, mætti vera krefjandi en þó þannig að áhugamannakórar gætu flutt það. Farið var fram á afhendingu lagsins í lok ágúst 2010. Elín var tilbúin til að semja lag fyrir sjóðinn en bað um frest fram í miðjan september til að afhenda lagið og var það samþykkt. Það dróst þó vel fram í október en þá afhenti Elín okkur jólagagið „Stjarna yfir Betlehem“ sem aðildarkórar hafa nú fengið sent og hafa þeir frumflutningsrétt á laginu. Er það von stjórnar að kórarnir verði ánægðir með lagið og taki það til flutnings nú fyrir jólin. Sótt var um styrk úr Tónlistarsjóði Menntamálaráðuneytisins fyrir laginu en þeirri umsókn var hafnað.

Vefsetur

Vefsetur Gíggunnar er mjög mikilvægur liður í starfsemi sambandsins en það er vettvangur aðildarkóranna til að koma á framfæri upplýsingum um starfsemi þeirra og fylgjast með því sem er að gerast hjá öðrum kórum. Það skiptir miklu máli að kórarnir séu duglegir að senda inn fréttir af starfsemi þeirra svo að vefurinn þjóni hlutverki sínu á sem bestan hátt. Á vefsetrinu eru ýmsar gagnlegar upplýsingar eins og ég kom inn á áðan og mun vefstjóri Gíggunnar, Jófríður Guðmundsdóttir, kynna það nánar hér á eftir.

Tengsl stjórnar við aðildarkóra

Undanfarin ár hefur stjórn Gíggunnar sent kórum tölvupósta til að fá upplýsingar um viðhorf kóranna til ýmissa mála sem hafa verið í umræðunni á hverjum tíma. Við teljum mikilvægt að kórar svari þessum viðhorfskönnunum svo að þeir geti haft áhrif á starfsemi sambandsins. Viðbrögðin mættu vera betri en það eru töluvert margir kórar sem ekki hafa svarað. Stjórnir aðildarkóranna eru því hvattar til að svara þessum könnunum og láta álit sitt í ljós á málefnum Gíggunnar. Annars hefur samstarf við kvennakóra landsins verið mjög gott og fyrir það þökkum við kærlega.

2. Reikningar.

Anna Inga Grímsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga starfsársins 2009-2010 og las þá yfir fyrir fundargesti.

3. Umræða um skýrslu og reikninga.

Engar fyrirspurnir urðu um skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma undir þessum lið. Ekki komu heldur neinar fyrirspurnir um reikninga og voru þeir bornir upp til samþykktar. Þeir voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillögur og lagabreytingar.

Engar tillögur komu um lagabreytingar á lögum Gíggunnar.

5. Ákvörðun árgjalds.

Tillaga kom um að hafa árgjald óbreytt frá fyrra ári þ.e. 200 kr. pr. kórkonu. og 3000 kr. á hvern aðildarkór. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning formanns.

Aðalheiður Gunnarsdóttir býður sig áfram til starfa sem formaður og var hún samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Ein kona gengur nú úr stjórn, Jófríður Guðmundsdóttir varaformaður og vefstjóri. Tvær konur buðu sig fram en þær eru:

Ingibjörg Viggósdóttir, Kyrjunum

Ingibjörg Viggósdóttir er fráfarandi formaður Kyrjanna og hefur starfað í kórnum í u.þ.b. 11 ár. Hún hefur gaman af að starfa með og fyrir kvennakóra, hún er kát og glöð og hefur gaman af fólki og á auðvelt með samskipti við aðra. Hún er menntaður sjúkraliði og starfar í dag á fjármálasviði Landspítalans við innkaup o.fl. Hún stundar söngnám auk þess að sinna fjölskyldunni, barnabörnunum og vinunum auk þess sem henni finnst gott að fara út í náttúruna og slaka á. Hún komst því miður ekki á fundinn þar sem eiginmaður hennar var að halda tónleika á sama tíma.

Sigurborg Sigurðardóttir, Kvennakór Garðabæjar

Sigurborg Sigurðardóttir hefur sungið með Kvennakór Garðabæjar s.l. 9 ár og hefur mikinn áhuga á söng. Hún er heimavinnandi en hún lét af störfum fyrir þremur árum eftir 42 ára starf hjá sama fyrirtæki. Hún söng í nokkur ár með öðrum kór en hefur undanfarin ár látið einn kór nægja. Hún er félagi í Svölunum, félagi fyrrverandi og núverandi flugfreyja, hún er í Myndlistarklúbbi starfsmannafélags Icelandair og er að ganga í Sameinuðu Frímúrararegluna. Hún er mikil útivistarmanneskja og hefur m.a. áhuga á stangveiði og golfi auk þess að vera fjölskyldumanneskja, en hún er gift og á börn og barnabörn.

Leynileg kosning fór fram á fundinum og féllu atkvæði þannig að Ingibjörg Viggósdóttir fékk 7 atkvæði og Sigurborg Sigurðardóttir 16 atkvæði.

Þar af leiðandi var Sigurborg Sigurðardóttir kosin í aðalstjórn.

Fyrir kosningu samþykktu báðar konur að sú sem ekki yrði kosin í aðalstjórn kæmi inn í varastjórn Gíggunnar.

Tvær konur ganga úr varastjórn þær Anna Lilja Stefánsdóttir, Kvennakór Akureyrar og Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar. Í varastjórn voru í framboði Ingibjörg Viggósdóttir, Kyrjunum og Ragnheiður Helgadóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar. Þær voru kosnar með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Inga J. Arnar og Margrét Hreinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og voru samþykktar einróma.



Stjórn Gíggunnar 2010-2011. Steiney Halldórsdóttir, Anna Laxdal Þórólfsdóttir, Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Anna Inga Grímsdóttir og Sigurborg Sigurðardóttir.

9. önnur mál.

Jófríður Guðmundsdóttir kynnti vefsetur Gíggunnar og óskaði eftir fréttum frá kórnum. Hún bað kórana endilega að senda inn fréttir um starfið og uppákomur sem kórkonur halda og í raun allt sem kórkonum dettur í hug, sem er skemmtilegt og lífgar uppá frétttaflutning á vefsetrinu. Einnig bað hún kórkonur um að senda tímanlega fréttir af tónleikum, þar sem ekki er endilega farið daglega inná póstinn og gætu þá tónleikafréttir orðið of seinar inn á vefsetrið, ef þær eru bara sendar inn 2-3 dögum fyrir tónleikana. Fyrirspurnir komu frá Léttisveitinni og Kvennakór Kópavogs um að fá myndir af sínum kórum í „hausinn“ á heimasíðu Gíggunnar. Jófríður svaraði þeim að þeir aðilar sem við hýsum vefinn hjá réðu þessu, en að hún skyldi athuga með hvort þær kæmst ekki að á vefsíðunni eins og aðrir kórar.

Heiðurstilnefning. Dagbjört las upp allar tilnefningar sem komu frá kórnum en tilnefningarnar voru eftirfarandi:

Kvennakór Akureyrar: Helga Gunnlaugsdóttir.

Kvennakór Hafnarfjarðar: Ragna Jóna Helgadóttir.

Kvennakór Kópavogs: Jófríður Guðmundsdóttir.

Kvennakór Reykjavíkur: Hrönn Hjaltadóttir.

Kvennakór Suðurnesja: Aðalheiður Gunnarsdóttir.

Vox feminae: Margrét J Pálmadóttir.

Kvennakór Akureyrar: Dóra Jónasdóttir.

Kvennakór Garðabæjar: María Vilhjálmisdóttir.

Aðalheiður Gunnarsdóttir tjáði fundargestum að ætlunin væri að útnefna kórkonu þ.e. hvunnagshetju sem hefði lagt mikið af mörkum til kórsins síns.

Stjórnin hélt leynilega atkvæðagreiðslu á síðasta stjórnarfundum og fékk ein kona öll atkvæði stjórnarinnar. Eftirfarandi er umsögn Kvennakórs Reykjavíkur um Hrönn Hjaltadóttur sem var valin til heiðurstilnefningar Gígunnar á árinu 2010:

Kvennakór Reykjavíkur vill tilnefna Hrönn Hjaltadóttur til heiðurstilnefningar Gígunnar. Hrönn var einn af stofnfélögum Kvennakórs Reykjavíkur og hefur verið félagi síðan. Hrönn hefur gegnt ýmsum embættum innan kórsins. Hrönn hefur verið í nótnanefnd, tónleikanefnd og útgáfufnd og lengst af séð um allt nótnasafn kórsins, sem er orðið býsna stórt eftir nærri 20 ár. Hún hefur í gegnum tíðina séð um allt prentað mál sem komið hefur frá kórnum, svo sem tónleikaskrár og skrár sem fylgja diskum. Alltaf er hægt að treysta því að þar sé allt unnið af stakri vandvirkni og heimildir séu réttar svo og allir textar. Hrönn hefur ekki getað sungið með kórnum í nokkur ár vegna sjúkdóms í raddböndum en hún er félagi í kórnum og gengur að öllum sínum skyldum innan hans. Án hennar væri kórinn fátækari, hún er akkerið okkar.

Aðalheiður afhenti Hrönn Hjaltadóttur blómvönd og kort frá stjórn Gígunnar.



Aðalheiður afhendir Hrönn Hjaltadóttur heiðursblómvönd og kort frá stjórn Gígunnar.

Ingibjörg Pétursdóttir flutti erindið “Það er gaman að syngja saman” sem er eftirfarandi:

Það olli straumhvörfum í lífi mínu þegar ég fór að syngja í kór. Það er eitt það besta sem ég hef lent í. Ég þykist vita að þið sem hér eruð skiljið mig fullkomlega. Ég reikna með að þið séuð allar illa haldnar af svokallaðri söngfíkn. En það eru þeir sem elska að syngja og grípa hvert tækifæri sem gefst til þess að syngja. Það þarf ekki endilega að vera að söngfíklarnir syngi vel eða haldi yfirleitt lagi en það er sannarlega til bóta ef svo er. Eitt afbrigði söngfíknar er svo kölluð sönggræði, hana má greina í því þegar sá sönggráðugi endurtekur hendingu úr texta t.d du má ha min gamle kone når jeg dør - når jeg dør eða nú liggur vel á mér – og mér líka.

Eins og þið getið ímyndað ykkur er afar mikilvægt fyrir söngfíkilinn að fá útrás fyrir fíknina. Þá blómstrar hann og það koma fram hjá honum alls kyns mannkostir sem enginn vissi að hann byggi yfir alveg eins og hann getur hreinlega þróað með sér alls kyns sjúkdóma ef hann fær ekki útrás. Það þarf t.d. ekki að segja ykkur að söngur hefur mjög góð áhrif á blóðþrýsting og meltingu svo maður tali nú ekki um geðið.

Nóg um það i bili. Nú ætla ég að segja ykkur mína sögu.:

Á mínum yngri árum hafði ég lengi haft leynda þrá eftir að komast í kór en eldri bróðir minn sem var í Verslunarskólanum tók inntökupróf í skólakórinn en komst ekki inn. Þvílíkur bömmur sem hafði svo mikil áhrif á mig að ég þorði ekki að reyna fyrir mér á þessu sviði. Mér fannst bróðir minn syngja svo ágætlega þegar hann söng með bítlunum fyrir framan spegilinn með tilheyrandi leikrænum tilburðum. Því missti ég alla trú á eigin möguleikum á að komast í kór.

Ég reyndi fyrir mér í ýmsum listgreinum þegar ég var barn með aðstoð móður minnar sem sendi mig á alls kyns námskeið, en hafði ekki árangur sem erfiði. Ég fór í ballett en eins og sjá má er ég ekki ballerínulega vaxin og ég var það heldur ekki þegar ég var 6 ára og var í ballettnámi. Ég var alltaf öftust – þar voru tossarnir látnir vera og við sáum ekki hvað kennarinn var að gera þarna fremst þannig að við lærðum ekki mikið. Að loknum einum vetri í ballettnámi sá móðir mín að ég mundi aldrei hljóta neinn frama á þessu sviði svo hún sendi mig í myndlistaskóla. Þar sýndi sig fljótt að hæfileikarnir á því sviði voru af heldur skornum skammti og ég verð að segja eins og er að ég var ekkert leið þegar það kviknaði í skólanum og listverkin mín brunnu til ösku. Ég tek fram – ég kveikti ekki í! Næst lá leiðin svo í píanótíma. Mamma sendi okkur systkinin til gamals organista sem hafði mikla reynslu af að kenna börnum hljóðfæraleik en þegar ég hugsa til baka þá hafði hann ekki mikla samskiptahæfni og ég minnst þess að ég var skelfing hrædd við hann. Að loknum erfiðum vetri þá gaf hann okkur systkinunum þessa einkunn: Drengurinn gæti orðið konsertpíanisti en stúlkan yrði aldrei nema til heimabruks. Drengurinn var sá sami og ekki komst í Verslókórinn.

Svo fór ég að læra samkvæmisdansa og þar náði ég bronsmerkinu og það þótti nú aldeilis frábært. Svo verð ég að bæta við að ég var ljósálfur en ég varð aldrei skáti því ég gat ekki lært þessa fjárans hnúta sem maður þurfti að kunna.

Á einu sviði stóð ég mig vel. Ég var með hryggskekkju og var send í sjúkraleikfimi hjá Jóni Þorsteinssyni sem eldri kynslóðin kannast við. Þar stóð ég mig vel og ég var stundum látin sýna hvernig átti að gera æfingar.

Svo gerðist það þegar ég var orðin rígfyllorðin að ég fann listgrein sem ég lagði fyrir mig og það var söngur – kórsöngur sumsé. Það munaði minnstu að heimurinn missti af þessu af því að bróðir minn féll á inntökuprófinu í Versló kórinn eins og ég greindi frá í byrjun. En sum sé – Ég komst í kór

Þessi kórsamfélög eru einstök. Þar ríkir yfirleitt mikil samkennd, ég held sérstaklega í kvennakórum. Hallgrímur Helgason rithöfundur lýsir því í einni bóka sinna sem mig minnir að heiti “Þetta er allt að koma,” þar voru konur í kvennakór svo nánar að þær fóru allar á túr á sama tíma.

Í kórasamfélaginu hafa flestir einhver ákveðin hlutverk. Sumir eru í stjórn og hugsa um fjármálin og taka ákvarðanir um ýmis æðri málefni, aðrir eru góðir í fjáröflun eða matseld og sjá um þá þætti og svona mætti lengi telja. Ég man eftir konu sem var með mér í kór. Hún var mjög ólagviss, var í raun laglaus eins og það heitir á óbrenslaðri íslensku en hún var alveg ómissandi fyrir kórinn því hún var svo dugleg að selja harðfisk og klósettappír.

Þið vitið að það tekur mikinn tíma að vera í kór. Kórsöngvararnir er glaðir og reifir að fara á sínar æfingar og fá mikla gleði og kraft af söngnum. En heima bíður fjölskyldan í reiðileysi sársvöng og illa haldin. En kosturinn við þetta er að kórkonurnar koma heim svo jákvæðar og glaðar.

Eins man ég eftir að hér áður fyrr ef ég var í vondu skapi þá saagði maðurinn minn: “Heyrðu, elskan mín, er ekki bráðum kóræfing.” Hann vissi sem var að hann fengi glaða konu heim af kóræfingu.

Eg man líka eftir því þegar börnin voru lítil og ég hafði verið mikið burtu að sinna alls kyns kórstörfum og verið í æfingabúðum og ýmsu að ég kom heim og hitti börnin. Og þau horfðu bara á mig spyrjandi og spurðu pabba sinn hvaða kona þetta væri eiginlega og pabbi þeirra svaraði: “Krakkar mínir, þetta er hún mamma ykkar” og þau voru alveg bit. Þetta er nú kannski orðum aukið en þetta gæti verið satt.

Maðurinn minn stóð fyrir því að stofna aðstandendafélag, fyrst og fremst fyrir maka. Það mæltist vel fyrir. Baráttumálin hafa verið af ýmsum toga allt frá því að mótmæla því að fá alltaf léttisveitarsvuntu í jólagjöf, svo var mótmælt að borða humar í alla mata. Það var nefnilega ein helsta fjáröflunin á tímabili. Svo var eitt enn, það var að mæta aðeins tvisvar á konserta á hverju starfsári.

“Það syngur enginn vondur maður,” sagði gamall maður einu sinni við mig. Þá var ég að vinna sem iðjuþjálfari á deild fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóm. Hann sagði þetta skjálfandi röddu og af miklum tilfinningahita. Og það er tilfellið að fólk sem hefur gaman af að syngja er yfirleitt gott fólk.

Að lokum vil ég þakka fyrir að hafa fengið að syngja í kór með stórkostlegum konum og fá að upplifa það að vera hluti af því samfélagi sem þar skapaðist – ég lifi lengi á því.

Ég óska ykkur öllum góðs sönglífs og velfarnaðar.

Mikið var hlegið og skemmt sér yfir þessu yndislega erindi enda segir Ingibjörg virkilega skemmtilega frá og lét hláturinn ekki á sér standa í salnum.



Ingibjörg Pétursdóttir kann sannarlega að kitla hláturtaugarnar.

Kynning á Landsþingi kvennakóra 2011.

Petra Sigurðardóttir og Kolbrún Káradóttir kynntu landsmót kvennakóra árið 2011 á Selfossi. Þær sýndu myndband frá Selfossi og Petra svaraði fyrirspurnum úr sal og afhenti konum blað, þar sem allir hópar koma fram, sem verða á landsþinginu, ásamt sameiginlegum lögum. Þær töluðu um að kórar kæmu til með að geta staðfest þátttöku sína með greiðslu fljótlega eftir áramót og fengju þá nótur í framhaldi. Einnig sögðu þær frá því að kórar yrðu helst að velja hóp saman þ.e. einn kór myndi vera saman í einum hóp, nema ef kórar væru það stórir að þeir gætu skipt sér í 2 hópa. Tilgangurinn með þessu væri að kórar gætu æft betur lögina fyrir landsþing og komið vel undirbúnir fyrir landsþingið. Hóparnir og sameiginlegu lögina eru eftirfarandi:

Dægurlagahópur - Stjórnandi: Helena Káradóttir

Helena er frá Selfossi og hefur stjórnað Jórúkórnum í mörg ár og hefur í gegnum tíðina útsett fjölda laga fyrir kórinn. Hún hefur þá einkum tekið fyrir íslensk dægurlög og verður hún hér með nokkur valin lög úr þeim geiranum.

Angel. Lag og ljóð: KK

Þér við hlið. Lag: Trausti Magnússon. Ljóð: Magnús Þ. Sigmundsson

Cyrano. Lag: Hjálmar H. Ragnarsson

Björgvinshópur - Stjórnandi: Björgvin Þ. Valdimarsson

Selfyssingurinn Björgvin Þ. Valdimarsson er löngu landsþekktur fyrir lögina sín sem mörg hver hafa notið mikilla vinsælda eins og til dæmis Undir dalanna sól og Kveðja heimanað. Hann ætlar að stýra nokkrum lögum úr sinni smiðju sem hann samdi við ljóð Þorsteins Valdimarssonar.

Vöxtur - Vorlauf - Fögnuður

Andra á Hallormsstað

Signing

Í sveiflu með Kristjönu Stefáns - Stjórnandi: Kristjana Stefánsdóttir

Kristjana Stefánsdóttir, djasssöngkona með meiru, er enn einn Selfyssingurinn sem við teflum fram. Hún ætlar hér að taka okkur í léttu swing-þjálfun ásamt því að taka lagið sjálf með hópnum.

Einu sinni á ágústkvöldi. Lag: Jón Múli Árnason Ljóð: Jónas Árnason

Já svo sannarlega. Lag: Lawrence Ljóð: Þórarinn Eldjárn

The boy from New York City. Lag og ljóð: John Taylor

Flóaperlur - Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir

Hinn svokallaði "Flói" er landsvæði milli Þjórsár annars vegar og Hvítár/Ölfusár hins vegar. Mörg þjóðþekkt tónskáld hafa komið úr Flóanum og má þar nefna Pál Ísólfsson frá Stokkseyri og Sigfús Einarsson frá Eyrarbakka. Hér verða tekin fyrir tvö lög eftir þá í splunkunýjum raddsetningum fyrir kvennakór eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Úr yngri deildinni tókum við svo lag eftir þriðja Flóamanninn: Ingólf Þórarinsson frá Selfossi og verður það Bahama sem flestir ættu að kannast við. Þessu stýrir Eyrún Jónasdóttir, stjórnandi Ljósbránna úr Rangárvallasýslu.

Í dag skein sól. Lag: Páll Ísólfsson Ljóð: Davíð Stefánsson

Draumalandið. Lag: Sigfús Einarsson Ljóð: Jón Trausti

Bahama. Lag og ljóð: Ingólfur Þórarinsson

Óperukórar - Stjórnandi: Elín Ósk Óskarsdóttir

Elín Ósk er ein fremsta söngkona landsins og hefur einnig getið sér gott orð sem kórstjóri hjá Óperukór Hafnarfjarðar. Hún ætlar að leiða okkur inn á svið óperunnar og vinna með okkur nokkra óperukóra úr hinum ýmsu óperum.

O pastorelle addio úr Andrea Chénier e. Giordano

Spunakórinn úr Hollendingurinn fljúgandi e. Wagner

eftir að ákveða lag nr. 3

Sameiginleg lög allra þátttakenda með Stórsveit Suðurlands

Við höfum fengið Stórsveit Suðurlands til liðs við okkur og mun hún leika með okkur í þessum sameiginlegu lögum allra þátttakenda mótsins. Stjórnandi stórsveitarinnar er Vignir Þór Stefánsson

Vegir liggja til allra átta. Lag: Sigfús Halldórsson Ljóð: Indriði G. Þorsteinsson

Con Te Partiro/Time to Say Goodbye. Lag og ljóð: Francesco Sartori, Lucio Quarantotto and Fran Peterson

Sumar konur. Lag og ljóð: Bubbi Morthens

"Landsmótslagið 2011" Örlygur Benediktsson vinnur að því að semja það og útsetja.

Að lokum vonuðust Petra og Kolbrún eftir að sem flestir kórar tækju þátt í landsþingi kvennakóra á Selfossi 2011. Þær afhentu síðan öllum fundargestum geisladiskinn „Mátulegt er meyrarstig“ með Jórúknúmerum að gjöf.

Tónverkasjóður.

Margrét Þorvaldsdóttir kom upp fyrir hönd Léttisveitar Reykjavíkur. Hún afhenti Tónverkasjóði Gígjunnar styrk að upphæð kr. 110.000 til minningar um kórfélaga þeirra Eygló Eyjólfssdóttur sem lést á árinu. Styrkurinn var veittur með ósk um að Tónverkasjóðurinn megi dafna og miðla tónlist til kvennakóra landsins í framtíðinni. Aðalheiður formaður þakkaði kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf og sagði að hún myndi styrkja sjóðinn verulega, þar sem erfitt hafi verið að fá styrki til þess að efla sjóðinn síðustu ár.



Margrét að afhenda Aðalheiði styrk fyrir hönd Léttisveitarinnar.

Spurningar frá kórnum sem komu við útsendingu á spurningalista.

Aðalheiður fór yfir spurningar sem komu frá kórnum við útsendingu spurningalista til kóranna. M.a. var rætt um stefgjöld þ.e. hvort hægt sé að taka upp sameiginleg stefgjöld eins og gerist hjá kirkjukórum og fleiri kórnum. Stjórnin ætlar að athuga þetta frekar hvort þetta sé mögulegt og hvort peningar sparist við það. Einnig var rætt um jafnræði styrkja milli karla- og kvennakóra. Síðan var rennt yfir þær spurningar sem komið höfðu og benti Aðalheiður kórnum m.a. um að sumt hefði verið rætt áður og væri í aðalfundargerðum fyrri ára og bað konur endilega að skoða þær aðalfundargerðir sem eru á netinu, þar sem mikið af upplýsingum væri í þeim, sem kórkonur gætu nýtt sér.

Kórstjórafundur.

Margrét Pálmadóttir ræddi um kórstjórafund, sem hafði verið haldinn fyrr um daginn. Hún tjáði fundinum frá því að ákveðið hefði verið að halda annan kórstjórafund á landsmótinu á Selfossi. Hún sagði líka að gaman væri ef gamall draumur rættist þ.e. að allir kvennakórar í sambandi Gígjunnar myndu halda stórtónleika saman. Hún nefndi m.a. að gaman væri að halda aðventutónleika í Hörpunni á næsta ári (hún bar í barminum tónkvísl Hörpunnar sem gefur tóninn h). Að lokum bar hún kveðju frá Diddú á fundinn.



Kórstjórar eftir kórstjórafund sem haldinn var fyrr um daginn.

Í lokin þakkaði Aðalheiður formaður konum kærlega fyrir komuna og fundarsetuna.

Fundi var slitið kl. 17:46

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir



Fundargestir



Fundargestir



Hrönn, Hafdís og Margrét



Dagbjört og Inga



Guðrún og Ragna




Ágota Joó og Sigríður



Jófríður



Arnfríður, Bjarney og Ragga



Heiða



Anna, Dagbjört, Heiða, Fríða, Steiney



Margrét og aðrir fundargestir



Fundargestir



Hildur, Heiða og Helga



Þorgerður og Fríða



Margrét og Anna



Hildur, Hanna og Kolbrún